# Miðstig 5.-7. bekkur

## *5. bekkur*

**<u>Íslenska</u>**

| | |
|---|---|
| **Kennarar:** | Tinna Jóhanna Magnusson |
| **Kennslubækur:** | *Málrækt 1, Mál til komið, Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Skinna, Skrift 3 og 4, Ítalíuskrift 4A og 4B.* |
| **Ítarefni:** | *Finnbjörg, Vanda málið: Þetta er málið 1 og 2, Flökkuskinna.* Verkefni af Skólavefnum og frá kennara |

Nemendur fá 15 mínútna yndislestur daglega og lesa daglega heima í samstarfi við foreldra. Í lok skólaárs er miðað við að nemandi geti lesið 180-230 atkvæði á mínútu.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn:*

- tali skýrt, átti sig á mikilvægi góðrar framsagnar og geti haldið athygli annarra við þegar han tjáir sig
- hlusti og horfi af athygli og geti endursagt efni sem hann hefur hlustað á, lýst fyrirbærum og sagt frá atburðum
- geti lesið bæði nýtt og gamalt efni á íslensku, þ.á.m. ljóð, sögur og ævintýri, og geti unnið verkefni úr því
- efli orðaforða sinn og nýti hann á ýmsa vegu
- efli lesskilning
- velji sér sjálfur bækur við hæfi til gagns og gamans
- fræðist um skáld og höfunda sem textar eru lesnir eftir
- geti beitt bókmenntafræðihugtökum, t.d. sögusvið, söguþráður, tímabil o.s.frv.
- geti beitt algengustu hugtökum í bragfræði og þekki helstu einkenni ljóða
- æfist í notkun handbóka, uppsláttarrita og vefmiðla við upplýsingaöflun
- geti lesið úr myndrænu efni, s.s. kortum, myndritum og skýringarmyndum
- skrifi skýrt, læsilega og af öryggi
- geti samið eigin texta og byggt upp frásögn (upphaf-meginmál-niðurlag)
- geti beitt helstu stafsetningar- geti svarað einföldum spurningum eftir hlustun og greinarmerkjareglum
- kunni helstu ritvinnsluaðgerðir í tölvu
- sé kurteis og háttvís í samtölum við aðra

**Stærðfræði**

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** *Stika 1a og 1b*, nemenda- og æfingahefti.
**Ítarefni:** *Viltu reyna?* Námsefni af vef.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*

**Tölur og reikningur**

- noti tugakerfisrithátt og sýni að hann skilji sætiskerfi
- geti námundað að næsta tugþúsundi
- kynnist aðferðum í hugareikningi og tileinki sér hann
- geti lagt saman og dregið frá háar tölur
- geti margfaldað tvær tveggja stafa tölur
- geti deilt með tveggja stafa tölu og sýnt afgang
- þekki negatívar tölur
- kynnist fyrstu frumtölunum
- þekki tugabrot allt að þúsund hluta og geti raðað eftir stærð, lagt saman, dregið frá og margfaldað
- geti breytt tugabrotum með tveimur aukastöfum í almenn brot
- geti breytt prósentum í almenn brot
- sjái hvenær tvö almenn brot eru jöfn
- geti túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þ.m.t. tölur og aðgerðarmerki
- geti notað hentug verkfæri, s.s. reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna
- geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi með hugarreikningi og hjálpagögnum

**Algebra**

- vinni með ýmis talnamynstur
- skilji hvernig nota má bókstafi sem staðgengla fyrir tölur
- öðlist skilning á röð aðgerða við útreikninga
- þjálfist í að leysa jöfnur
- vinni með ummál, flatarmál og rúmmál

**Rúmfræði og mælingar**

- rannsaki og greini tvívíð og þrívíð form, teikni einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir
- vinni með mælikvarða og lögun
- geti áætlað og mælt lengd, flöt, rými, horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða
- vinni með hornasummu þríhyrnings

**Tölfræði og líkindafræði**

- framkvæmi rannsóknir á umhverfi sínu, vinni og lesi úr niðurstöðum sínum
- geti sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar, dregið ályktanir um líkur og reikni út líkur í einföldum tilvikum

## Enska

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** *Build Up 1*, smáheftin *Topic Books* sem fylgja *Portfolio*, t.d. *A World of Records* og *Amazing Animals*. Enskar léttlestrarbækur.
**Ítarefni:** Ýmis verkefni frá kennara og af Skólavefnum.

**Markmið / hæfniviðmið:**
*Að nemandinn:*
- efli orðaforða og lesskilning
- skilji einfalt mál sem snýr að honum sjálfum og hans nánasta umhverfi og geti spurt og svarað um það á einfaldan hátt
- geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum með stuðningi, t.d. myndum eða líkamsmáli, hlustað eftir nákvæmum atriðum, skilið megininntak, greint frá atburðum og endursagt á einfaldan hátt
- semji og skrifi einföld skilaboð og stutta texta af ýmsum gerðum með stuðningi, t.d. frá gátlista eða myndum
- lesi sér til gagns og gamans léttlestrarbækur og fræðsluefni
- læri að nýta sér orðabækur, leitarvélar og annað stuðningsefni
- venjist því að tala ensku í tímum

## Náttúrufræði

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** *Lífríkið á Landi. Auðvitað – Á ferð og flugi.*
**Ítarefni:** Ýmis verkefni frá kennara.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn:*
- læri um umhverfi landsins, gróðurlendi og landslag og átti sig á fjölbreytileika umhverfisins
- kynnist lífverum á landi og einkennum þeirra
- geri sér grein fyrir tengslum lífvera við umhverfi sitt og aðrar lífverur
- þjálfist í að greina lífverur til ákveðinna hópa eða tegunda
- læri að þekkja nokkrar helstu lífverur í lífríki Íslands: plöntur, fugla, spendýr, smádýr og sveppi
- átti sig á mikilvægi góðrar umgengni við náttúruna í stóru og smáu
- átti sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt
- þjálfist í að lesa í náttúruna og njóta samvista við hana
- geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð
- geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks
- læri um lýsandi og upplýsta hluti
- vinni með linsur, spegla og segla

- læri um eðli krafta og geti greint á milli ólíkra gerða þeirra (flotkrafts, þyngdarkrafts og núningskrafts)
- geri sér grein fyrir mismunandi mælieiningum
- geri sér grein fyrir því að orka knýr hluti áfram, t.d. samgöngutæki
- læri um hljóð og bylgjur
- geta framkvæmt og útskýrt fjölbreytilegar athuganir, úti og inni, og notað til þess viðeigandi hjálpargögn
- geti tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu
- geti útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti nýtt hjálpargögn til að afla sér upplýsinga um náttúruvísindi
- geti beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið
- geti sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt
- geti hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra

## ***Samfélagsgreinar***

### <u>Saga</u>

| | |
|---|---|
| **Kennarar:** | Tinna Jóhanna Magnusson |
| **Kennslubækur:** | *Víkingaöld. Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna.* |
| **Ítarefni:** | *Frá Róm til Þingvalla. Miðaldafólk á ferð. Sögueyjan 1.* Eldra námsefni og námsefni af vef. |

**Markmið / hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*

- geti gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar,trúar og lífsviðhorfa
- geti sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags og völdum þáttum í sögu þess
- geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum
- kynnist þáttum sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, s.s. umhverfi og skipulag samfélaga
- átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- geti greint hvernig sagan birtist í munum, hefðum og minningum og áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- geti aflað sér og nýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum
- geti velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- geri sér grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins
- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum
- geti bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum

## Landafræði

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** *Norðurlöndin.* Kortabækur.
**Ítarefni:** *Grænland, Færeyjar og Ísland.* Eldra námsefni og námsefni af vef.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*

- átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlanda og mótun ísaldarjökulsins
- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- fjalli um í hvaða átt þróunin stefnir í litlum samfélögum, meðalstórum bæjum og stórum borgarsamfélögum á Norðurlöndunum
- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins
- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna
- þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst
- átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar

## Samfélags- og trúarbragðafræði

**Kennarar:** María Ásmundsdóttir Shanko og Tinna Jóhanna Magnusson.
**Kennslubækur:** *Óðinn og bræður hans. Kristin trú. Gyðingdómur.*
**Ítarefni:** Námsefni af vef og ýmsar aðrar eldri námsbækur.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*

- geri sér grein fyrir fjölbreytileika mannlífsins, fræðist um tengsl Íslands og Íslendinga við önnur lönd og þjóðir, uppruna Íslendinga og stöðu Íslands í hnattrænu samhengi
- kynnist siðrænum viðfangsefnum sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, virðingu, jafnrétti og nærgætni
- öðlist skilning á margbreytileika mannlífs í tíma og rúmi
- skilji og virði reglur í samskiptum manna, skráðar og óskráðar, og þekki dæmi
- þekki helstu hátíðir kristninnar og siði og tákn sem tengjast þeim

- kynnist ólíkum trúarbrögðum, svo sem gyðingdómi, íslam, búddisma og hindúasið, lífsviðhorfum og menningu, m.a. Með frásögnum af jafnöldum
- kynnist helgihaldi, siðum og nokkrum hátíðum helstu trúarbragða heims

**Umhverfismennt:**

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** *Verum græn – ferðalag í átt að sjálfbærni, Umhverfið skiptir það máli, græni bakpokinn,* myndbönd og vefir.

Viðfangsefni okkar í umhverfismennt eru umhverfi okkar, verndun náttúrunnar og sjálfbærni. Fjallað verður um mikilvægi þess að varðveita hreinleika umhverfisins og hvernig draga má úr mengun. Neyslusamfélagið og vistspor jarðar verða einnig til umfjöllunar. Rætt verður um auðlindir jarðar, nýtingu þeirra og jafnvægi í lífríkinu. Skoðað verður hvernig draga má úr magni sorps, og hve mikill hluti sorps er í raun verðmætt hráefni til endurvinnslu. Áhersla verður lögð á að upplifa fegurð náttúrunnar og að efla virðingu nemenda fyrir henni. Athyglinni verður einkum beint að nánasta umhverfi okkar, og unnið utan dyra í nágrenni skólans. Einnig eru þessir tímar vettvangur til að vinna að grænfánaverkefnum og öðru því tengdu.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemendur*
- þroski með sér alþjóðavitund og ábyrgðarkennd gagnvart komandi kynslóðum vegna nýtingar á sameiginlegum auðlindum
- skilji hvaða gagnvirku náttúru- og samfélagslegu öfl það eru sem stýra umgengni okkar við náttúruna og auðlindir jarðar
- öðlist færni og finni hjá sér vilja og þor til að leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja og takast á við aðsteðjandi vandamál
- eflist í trúnni um að þeirra framlag sé einhvers virði, að þeir fái sjálfir miklu áorkað í baráttunni fyrir bættum heimi
- upplifi náttúruna og beri virðingu fyrir því sem hún gefur okkur.

**Lífsleikni**

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** *Ertu?* Verkefnahefti frá kennara.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- geti tjáð viðhorf sín og tilfinningar með ýmsum hætti
- bregðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum fordómalaust
- átti sig á persónulegum mörkum sínum og annarra
- geti rætt samskipti og samvinnu við aðra og geti sett reglur um það með þeim
- geti leyst ágreining á jákvæðan hátt
- öðlist sjálfsstjórn og sjálfsaga

- læri að taka ábyrgð á eigin gjörðum og orðum
- læri af eigin mistökum og sýni mistök annarra umburðalyndi
- læri um ólíkan bakgrunn fólks og að virða lífsskoðanir, hætti og trú annarra

***List- og verkgreinar***

**<u>Tónmennt</u>**

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson
**Kennslubækur:** Verkefni frá kennara.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- þekki nóturnar, læri einfaldan nótnalestur og geti sungið eftir honum
- læri um háa tóna, djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt, langt og stutt, púls og hrynjandi, sterkt og veikt, endurtekningu og andstæður, hljóð og þögn, einn tón eða fleiri
- læri um helstu hljóðfæri og hljóðfæraflokka
- kynnist mismunandi tegundum tónlistar (kórtónlist, klassísk tónlist, popptónlist, þjóðlagatónlist, o.s.frv.) og tónlist frá ólíkum heimshornum
- kynnist þjóðlögum eftir árstíðum, t.d. Þorraþræl á þorra, jólalög fyrir jólin
- geti unnið í hóp og spilað með öðrum, ýmist í takt eða spuna
- læri að taka tillit til annarra og hlusta á kennarann

**<u>Leiklist</u>**

**Kennarar:** Tinna Jóhanna Magnusson og María Ásmundsdóttir Shanko

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- öðlist sjálfstraust til að standa fyrir framan hóp og tjá ýmsan leik
- taki virkan þátt í leikrænu ferli
- sýnis sjálfstæði og eigi frumkvæði að hugmynd eða athöfn
- geti tekið virkan þátt í spuna
- beiti sér fyrir því að ná athygli áhorfenda
- læri að nota búninga og leikmuni til að styðja við leiklistina sem og umgangast þá
- sé virkur gagnrýnandi
- læri að taka vel við leiðsögn

**<u>Myndmennt og textílmennt</u>**

**Kennarar:** María Ásmundsdóttir Shanko
**Kennslubækur:** Þematengd verkefni

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- öðlist færni í meðferð lita- og formfræði, og myndbyggingar
- læri ýmsar aðferðir í listsköpun og geti beitt tilheyrandi áhöldum
- geti unnið sjálfstætt eða í hóp eftir einföldum leiðbeiningum
- geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndir í verki
- geti útskýrt vinnuferli listsköpun sinnar frá hugmynd að verki
- þekki mismunandi tegundir handverks og geti lýst þeim með tilheyrandi hugtökum
- læri um uppruna hráefna, vinnslu þeirra og mismunandi tegundir mynd- og textílefna
- læri hvernig á að meðhöndla efni, vel um og ganga frá eftir sig
- sýni öðrum tillit og gangi vel um
- geti aflað sér upplýsinga um efni í miðlum

**Heimilisfræði**

| | |
|---|---|
| **Kennarar:** | María Ásmundsdóttir Shanko |
| **Kennslubækur:** | *Gott og gagnlegt 1, Heimilisfræði 6* |
| **Ítarefni:** | Myndabandið *Heimilisfræðikennarinn*. Næringargildi matvæla, verkefni af www.mms.is, vefmiðlar, efni frá kennara |

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- þjálfist í einfaldri matreiðslu
- þekki gerð fæðuhringsins
- þekki heiti helstu eldhúsáhalda
- læri mælieiningarnar desilíter, millilíter, gramm og bolli
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigðan lífshætti
- geti útbúið einfaldar máltíðir eftir uppskrift
- geti nýtt ýmsa miðla til að finna einfaldar uppskriftir
- sýni sjálfstæð vinnubrögð í undirbúningi, matreiðslu/bakstri og frágangi
- fylgi fyrirmælum kennara, geti unnið í hóp og gengið vel um.

**Handmennt**

| | |
|---|---|
| **Kennarar:** | María Ásmundsdóttir Shanko |
| **Kennslubækur:** | *Hannyrðir í 3.-6. bekk*. Ýmis verkefni frá kennara |

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- geti unnið eftir einföldum leiðbeiningum og uppskriftum
- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- kunni af spóla og þræða tvinna í saumavél
- öðlist færni í krosssaum eða öðrum útsaum
- öðlist færni í að prjóna og/eða hekla
- læri að þæfa

- kunni orðaforða sem tengist handmennt og textílmennt, t.d. þekki og noti orðaforða um saumaskap, og prjón og hekl.
- þekki mismunandi tegundir vefjarefna, uppruna þeirra og meðhöndlun
- kunni að lesa þvotta- og strauleiðbeiningar á fatnaði
- geti lagt mat á eigin verk
- læri að ganga vel um, nýta efnin vel og ganga frá að loknum tíma
- fari eftir fyrirmælum kennara, geti unnið í hóp og gengið vel um
- þrói með sér sjálfstæð vinnubrögð

**<u>Hönnun og smíði</u>**

**Kennarar:** Björn Kristjánsson
**Kennslubækur:** *Trésmíði.*

**Markmið / hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- geti dregið einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar
- læri að vinna verkefni frá hugmynd að veruleika
- læri sjálfstæð vinnubrögð og að vinna saman í hóp
- geti lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið ferlið frá hugmynd að verki.
- geti valið samsetningar og ýmis efni sem hæfa verkefnum
- þekki nokkur smíðaáhöld og kunni að nota þau.
- geti lagað og endurbætt notaða hluti og þannig lengt líftíma þeirra.
- geti bent á smíði og hönnun sem tengist hans daglega lífi.
- geti greint í hóp einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt lausnir.
- læri að velja efni út frá umhverfissjónarmiðum og geti lýst kostum þess að nota efni úr nærumhverfinu.
- geti beitt líkamanum rétt við vinnu og noti viðeigandi hlífðarbúnað.

**<u>Íþróttir</u>**

**Kennarar:** María Ásmundsdóttir Shanko
Alda Þ Jónsdóttir, sundkennari
**Kennslubækur:** Ýmsir leikir og æfingar upp úr bókunum: *Íþróttir og heilsurækt- Leikir og Íþróttir og heilsurækt æfingar með litlum áhöldum*. Ýmsir gamlir útileikir

**Markmið / hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- geti gert æfingar sem reyna á þol.
- geti gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlima og bols.
- ráði við flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- öðlist færni í mismunandi íþróttagreinum.
- taki þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- geti synt 200 metra bringusund á tímatöku.
- syndi viðstöðulaust skólabaksund 50 m, baksund 25 m, skriðsund 25 m og kafsund 8 metra.

- geti stungið sér af bakka og sótt hlut á 1-2 metra dýpi.
- kunni 15 m björgunarsund.
- geti tekið þátt í leikjum og þolað bæði sigur og tap.
- geti viðhaldið jákvæðum og árangursríkum samskiptum til að efla liðsanda.
- geti farið eftir leikreglum og fyrirmælum kennara.
- geti rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttaumfjöllunum og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
- átti sig á mikilvægi heilbrigs lífernis og hreyfingar.
- geti tengt líkamlega áreynslu við hin ýmsu kerfi líkamans.
- geti á ábyrgan hátt tekið þátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti.

**Dans**

**Kennarar:** María Ásmundsdóttir Shanko

**Markmið/hæfniviðmið:**

- að efla dansáhuga barna
- að þau geti samið sinn eigin dans
- geti framkallað spunadans með eigin túlkun út frá tónlistinni
- geti dansað auðvelda dansa s.s. tangó, vals, jenka, skottís og sömbu
- þekki mismunandi tegundir dansa
- læri hvernig dans tengist mismunandi menningarheimum

## *6. bekkur*

**Íslenska:**

**Kennarar:**

**Kennslubækur:** *Málrækt 2, Mál er miðill, Orðspor 2, lesbók og vinnubók, Finnbjörg, Vandamálið lesbók, Ekki málið 1, Benjamín dúfa, Flökkuskinna, Skrudda lesbók, vinnubók 1 og 2, Skrift 5 og 6.*

**Ítarefni:** Verkefni af 123skoli.is og Skólavefnum ásamt verkefnum frá kennara

**Markmið/hæfniviðmið:**

Að nemandinn

- tali skýrt og átti sig á mikilvægi góðrar framsagnar
- geti haldið athygli annarra við þegar han tjáir sig
- hlusti og horfi af athygli og geti tjáð upplifun sína
- geti endursagt efni sem hann hefur hlustað á, lýst fyrirbæri og sagt frá atburði
- geti lesið bæði nýtt og gamalt efni á íslensku, d. ljóðs, þjóðsögur og bókmenntir og geti unnið verkefni úr því
- efli orðaforða sinn og nýti hann á ýmsa vegu
- efli lesskilning
- geti beitt bókmenntafræðihugtökum, t.d. sögusvið, söguþráður, tímabil o.s.frv.
- velji sér sjálfur bækur við hæfi til gagns og gamans
- geti beitt algengustu hugtökum í bragfræði, d. rím, ljóðstafi, líkingar
- geti aflað sér viðurkenndra heimilda úr bókum og af neti
- geti lesið úr myndrænu efni, d. kort, myndrit, skýringarmyndir
- skrifi skýrt og læsilega, og af öryggi og sýnir öðrum eða les upphátt
- geti samið texta og notað grind til þess, upphaf, meginmál og niðurlag
- geti samið ljóð og ýmis önnur textaform
- geti beitt helstu stafsetningar og greinarmerkjareglum
- kunni að nota hjálpargögn eins og orðabók
- kunni aðgerðir í ritvinnsluforriti og skrifi
- sé kurteis og háttvís í samtölum við aðra

**Stærðfræði:**

**Kennarar:**

**Kennslubækur:** *Stika 2a og 2b nemenda- og æfingahefti.*

**Ítarefni:** *Viltu reyna. Námefni af vef.*

**Markmið/hæfniviðmið:**

*Að nemandinn*

**Tölur og reikningur**

- noti tugakerfisrithátt og sýni að hann skilja sætiskerfi
- geti námundað að næsta tugþúsundi
- kynnist aðferðum í hugareikningi og tileinki sér hann
- geti lagt saman og dregið frá háar tölur

- þekkji negatívar tölur
- kynnist fyrstu 6-8 frumtölunum
- geti margfaldað tvær tveggja stafa tölur
- geti deilt með tveggja stafa tölu og sýnt afgang
- þekki tugabrot allt að þúsund hluta og geti raðað eftir stærð, lagt saman, dregið frá og margfaldað
- geti breytt tugabrotum með tveimur aukastöfum í almenn brot
- sjái hvenær tvö almenn brot eru jöfn
- geti breytt prósentum í almenn brot

**Algebra**
- vinni með ýmis talnamynstur
- skilji hvernig nota má bókstafi sem staðgengla fyrir tölur
- öðlist skilning á röð aðgerða við útreikninga
- þjálfist í að leysa jöfnur
- vinni með ummál, flatarmál og rúmmál

**Rúmfræði og mælingar**
- rannsaki og greini tvívíð og þrívíð form, teikni einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, spegli, snúi og hliðri einföldum flatarmyndim
- vinni með mælikvarða og lögun
- áætli og mæli horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða
- geti speglað og hreyft flatarmyndir í hnitakerfi
- tengji tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti
- vinna með hornasummu þríhyrnings

**Tölfræði og líkindafræði**
- framkvæmi einfaldar tölfræðirannsóknir, vinni og lesi úr niðurstöðum sínum
- setji upp í einföld myndrit, taki þátt í umræðum um gögn og upplýsingar, dragi ályktanir um líkur og reikni út líkur í einföldum tilvikum.

<u>Enska</u>

**Kennarar:**
**Kennslubækur:** *Build Up 2*, smáheftin *Topic Books* sem fylgja *Portfolio*, d. *A World of Records*. *Amazing Animals, Children of the World. Hickory.*
**Ítarefni:** Ýmis verkefni frá kennara. Verkefni af Skólavefnum og 123skoli.is
**Markmið / hæfniviðmið:**
**Að nemandinn:**
- skilji að mestu samtöl um dægurmál og námsefnistengt
- geti hlustað eftir nákvæmum atriðum og brugðist við
- efli lesskilning
- lesi sér til gagns og gamans léttlestrarbækur og vinni úr þeim efni
- efli orðaforða sinn
- geti greint frá atburðum og lýst þeim með stuðningi, t.d. myndar
- semji og skrifi texta af ýmsum gerðum

- læri að nýta sér orðabækur, leitarvélar og annað stuðningsefni
- venjist að tala ensku í tímum

**Danska:**

**Kennarar**:
**Kennslubækur:** Start, lesbók og vinnubók
**Ítarefni:** Verkefni frá kennara
**Markmið/ hæfniviðmið:**
Að nemandinn:

- skilji kennarann
- geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum út frá myndum og talmáli
- geti tekið þátt í samtalsleikjum og æfingum
- geti lýst sjálfum sér og sínu nánasta umhverfi
- geti skrifað einfaldan texta með stuðningi myndar eða gátlista
- geti skrifað einföld skilaboð
- öðlist innsýn í danskan menningarheim

**Náttúrufræði**

**Kennarar:**
**Kennslubækur:** *Lífríkið í sjó. Auðvitað – Jörð í alheimi.*
**Ítarefni:** Ýmis verkefni frá kennara

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*

- skilji hvað felst í hugtakinu vistkerfi og geti gefið dæmi um ólík vistkerfi hafsins
- læri um landslagið á hafsbotninum og þekki hvað átt er við með landgrunni, landgrunnshlíðum, djúphafsbotni og neðansjávarhryggjum
- átti sig á einkennandi eðliseiginleikum hafsins, seltunni, og geri sér grein fyrir að sérstakar aðlögunar er þörf til að lifa í söltu umhverfi
- geta framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir, úti og inni
- geri sér grein fyrir fjölbreyttni þörunga, stöðu þeirra í lífheiminum **og** læri að þekkja nokkra algenga þörunga
- geti lýst og rökstutt stöðu tungls, jarðar og sólar þegar er stórstreymt og smástreymt.
- velti fyrir sér mikilvægi góðrar umgengni við hafið út frá ýmsum þáttum
- geri sér grein fyrir að maðurinn getur með umgengni sinni haft umtalsverð áhrif á lífríki hafsins
- þekki helstu tegundir svifþörunga og mikilvægi þeirra
- kynnist helstu fylkingum hryggleysingja
- viti að hvalir flokkast til spendýra og flokkast í skíðishvali og tannhvali
- viti að sumir hvalir eiga sér flókið samskiptamál og að steypireyðurinn er stærsta dýr jarðarinnar
- viti að hvalir ferðast langar leiðir um höfin eftir árstíðum
- læri um sel, líf þeirra og líkamsgerð
- læri um og þekki helstu tegundir fugla sem lifa við sjó

- geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks
- geti tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu
- geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- geti útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku
- geti beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið
- geti sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt
- geti hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra
- geti framkvæmt og lýst eigin athugunum á himingeimnum
- geti lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi
- geta útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður

## *Samfélagsgreinar*

**<u>Saga</u>**

**Kennarar:**
**Kennslubækur:** *Snorrasaga. Sögueyjan 2. Miðaldafólk á ferð.*
**Ítarefni:** Eldra námsefni og námsefni af vef.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn geti*

- gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminumí ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar,trúar og lífsviðhorfa
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningarog samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum
- notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni, rætt á upplýstan hátt um tímabil,atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu, velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika og metið ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð
- komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú, greint hvernig sagan birtist í textum og munum,hefðum og minningum og áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú,lífsviðhorfi og breytni
- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta
- gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda

- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum

<u>**Landafræði**</u>

**Kennarar:**
**Kennslubækur:** *Norðurlöndin. Kortabækur.*
**Ítarefni:** Eldra námsefni og námsefni af vef.

**Markmið/hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins
- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- fjalli um í hvaða átt þróunin stefnir í litlum samfélögum, meðalstórum bæjum og stórum borgarsamfélögum á Norðurlöndunum
- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra
- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins
- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna
- þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra
- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst.

<u>**Samfélags- og trúarbragðafræði**</u>

**Kennarar:** María Ásmundsdóttir Shanko
**Kennslubækur:** *Lífið í Ásgarði. Kristin trú. Islam*
**Ítarefni:** Námsefni af vef og ýmsar aðrar eldri námsbækur.

**Markmið / hæfniviðmið:**
*Að nemandinn*
- geri sér grein fyrir fjölbreytileika mannlífsins, fræðist um tengsl Íslands og Íslendinga við önnur lönd og þjóðir, uppruna Íslendinga og stöðu Íslands í hnattrænu samhengi
- kynnist siðrænum viðfangsefnum sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, virðingu, jafnrétti og nærgætni
- öðlist skilning á margbreytileika mannlífs í tíma og rúmi
- skilji og virði reglur í samskiptum manna, skráðar og óskráðar, og þekki dæmi

- þekki helstu hátíðir kristninnar og siði og tákn sem tengjast þeim
- kynnist ólíkum trúarbrögðum, svo sem gyðingdómi, íslam, búddisma og hindúasið, lífsviðhorfum og menningu, m.a. Með frásögnum af jafnöldum
- kynnist helgihaldi, siðum og nokkrum hátíðum helstu trúarbragða heims

<u>**Umhverfismennt**</u>

**Kennarar:**

**Kennslubækur:** *Verum græn – ferðalag í átt að sjálfbærni, Umhverfið skiptir það máli, græni bakpokinn,* myndbönd og vefir.

Viðfangsefni okkar í umhverfismennt eru umhverfi okkar, verndun náttúrunnar og sjálfbærni. Fjallað verður um mikilvægi þess að varðveita hreinleika umhverfisins og hvernig draga má úr mengun. Lofthjúpurinn, orka og orkunýting verða líka til umfjöllunar. Rætt verður um auðlindir jarðar, nýtingu þeirra og jafnvægi í lífríkinu. Skoðað verður hvernig draga má úr magni sorps, og hve mikill hluti sorps er í raun verðmætt hráefni til endurvinnslu. Áhersla verður lögð á að upplifa fegurð náttúrunnar og að efla virðingu nemenda fyrir henni. Athyglinni verður einkum beint að nánasta umhverfi okkar, og unnið utan dyra í nágrenni skólans. Einnig eru þessir tímar vettvangur til að vinna að grænfánaverkefnum og öðru því tengdu.

**Markmið/Hæfniviðmið:**

*Að nemendur*

- þroski með sér alþjóðavitund og ábyrgðarkennd gagnvart komandi kynslóðum vegna nýtingar á sameiginlegum auðlindum
- skilji hvaða gagnvirku náttúru- og samfélagslegu öfl það eru sem stýra umgengni okkar við náttúruna og auðlindir jarðar
- öðlist færni og finni hjá sér vilja og þor til að leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja og takast á við aðsteðjandi vandamál
